

## **Oddafundur 1. október 2019 – Leikskólinn Laugalandi**

### *Mannauðsmál – endurmenntun – aðstaða - aðbúnaður*

Við skólann vinna núna 16 starfsmenn að meðtalinni ræstingu og stjórnun. Á deildunum eru 11,3 stöðugildi og síðan kemur einn starfsmaður úr fæðingarorlofi í nóvember og verða stöðugildi á deildum þá 12,25. Á þessu skólaári er búið að bjóða 43 leikskólanemum vistun.

Það er ánægjulegt að háskólamenntuðu starfsfólki við skólann hefur fjölgað töluvert undanfarið. Auk leikskólastjóra eru nú tveir fagmenntaðir leikskólakennarar og sinnir annar starfi sérkennslustjóra. Þrír starfsmenn eru í leikskólakennaranámi. Einn byrjaði í haust og tveir stefna á að klára næsta haust. Einn er í stuðningsfulltrúanámi. Síðan starfa við skólann einn með BA próf í sálfræði og Meistarapróf í menntunarfræðum (leyfisbréf í framhaldsskóla) og gegnir sá starfsmaður stöðu aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra á eldri deild. Þriðji er með BA og MA í félagsráðgjöf og gegnir stöðu deildarstjóra á yngri deild. Einnig höfum við einn með BA próf í uppeldis- og menntunarfræðum og annan með BA í íþróttá- og heilsufræði. Einn starfsmaður er í stuðningsfulltrúanámi. Þannig að það er ýmislegt gott að gerast.

Endurmenntun starfsmanna er aðallega í gegnum Skólaþjónustu Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu og skólaþjónustu Árnesþings. Fólki er einnig gefinn kostur á að sækja sér önnur námskeið og fyrirlestra sem upp koma yfir starfsárið sbr. símenntunaráætlun Leikskólans Laugalandi. (Sjá fylgiskjal A)

Starfsdagar eru að hluta til notaðir til fræðslu en ég tel það mjög mikilvægt að hlúa að starfsmönnum og efla þá í starfi.

Á fyrsta starfsdegi haustsins var fyrirlestur fyrir alla starfsmenn leikskólanna á Leikskólanum Laugalandi og Heklukoti um jákvæða sálfræði en jákvæð sálfræði er fræðigrein sem beinir athyglinni að vellíðan, sátt og hamingju einstaklinga. Áherslan er á það sem er í lagi, það sem einkennir þá sem eru sáttir og sælir, heilbrigði, styrkleika, velgengi og leiðir sem gagnast til að auka hamingju í lífi okkar. Það sýnir sig að áhersla á styrkleika gefur betri raun en áhersla á veikleika, að afstaða og hugarfar skiptir sköpum fyrir líðan og hamingju fólks, að hamingja sé að litlu eða engu leiti háð ytri aðstæðum, að einstaklingar geti hæglega aukið hamingju sína og styrkt hamingjusvæðin í heilanum. Ánægja er m.a. að upplifa jákvæðar tilfinningar hér og nú og njóta og finna tilgang. Þetta er ein af áherslum okkar á leikskólanum eitthvað sem við viljum þróa og vinna í að koma inn.

Þann 30. ágúst voru allir starfsmenn á fyrirlestri hjá Ásthildi Snorradóttur talmeinafræðingi. Leikskólarnir á skólasvæðinu eru að vinna að þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun varðandi mál og undirbúning lesturs. Það er mjög mikilvægt að byrja að vinna strax með þessa þætti og sérstaklega ef nokkur grunur leikur á seinkun. Finna börn sem eru í áhættu og beita hagnýtum aðferðum. Því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir námserfiðleika síðarmeir. Við lok verkefnisins, vorið 2021 mun leikskólinn vera með tilbúna handbók um það hvernig við ætlum að finna þessi börn sem eru í áhættu og hvernig við ætlum að grípa inn í og vinna markvisst með þau.

Þann 4. október er Haustþing starfsmanna leikskóla þar sem boðið er upp á sjö mismunandi erindi sem starfsmenn geta valið sér.

Tími til endurmenntunar starfsmanna er því miður allt of lítil þar sem það er oft erfitt að fara úr vinnunni á fræðsluerindi en um leið og einn starfsmaður fer af deild eykst álagið á hina sem eftir eru.

#### *Aðstaða og búnaður*

Starfið hefur farið vel af stað nú í haust og erum við þokkalega búin tækjum og tólum, en alltaf þarf samt eitthvað að endurnýja, bæta og breyta. Á skólaárinu þyrftum við m.a. að endurnýja iPada og myndavélar. Einnig þyrftum við að kaupa ný borð á eldri deild en heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugaemdir við þau borð sem eru. Þess má svo geta að um daginn var okkur gefinn horsófi á eldri deildina.

Leikaðstaðan okkar úti er orðin allt of lítil (leikvöllurinn) og ber alls ekki allan þann barnafjölda sem við höfum núna. Við höfum því reynt að nýta nærumhverfið vel til vettvangsferða sérstaklega með eldri börnin. Það er svo ánægjulegt að segja frá því að nú erum við að fá stærra leiksvæði á skólasvæðinu á Laugalandi. Grænt svæði sem verður nýtt til hreyfingar og leikja. Þar er einnig fyrirhugað lítið athafnasvæði sem hægt verður m.a. að nota við smíðavinnu og drullumall.

Sigrún Björk Benediktsdóttir – leikskólastjóri

## Símenntunaráætlun Leikskólans Laugalandi

Í lögum um leikskóla 2008 nr. 90 12. Júní kemur fram að leikskólastjóri skuli gefa starfsmönnum kost á símenntun og móta áætlun um hvernig henni sé hagað:

### **7. gr. Starfsfólk.**

Að frumkvæði leikskólastjóra skal móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.

Leikskólastjórar og starfsfólk leikskóla skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnst nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

Starfsfólkið er okkar mikilvægasta afl og með þekkingu sinni, vinnu og viðhorfum skapar það grundvöll fyrir leikskólastarf með velferð barnanna að leiðarljósi.

Á leikskólanum Laugalandi er miðað við að hver starfsmaður reyni að efla sig í starfi og hafi kost á því að sækja námskeið og fræðslu. Í samvinnu við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu er boðið upp á námskeið sem miða að því að efla starfsmenn á skólasvæðinu og sníða námskeið að þörfum skólanna hverju sinni. Einnig er gott samstarf við Skólaþjónustu Árnesþings og starfsfólki boðið að sækja námskeið á vegum þeirra. Allir starfsmenn sækja Haustþing FL og FSL sem er hluti símenntunar skólans. Starfsmenn geta einnig óskað eftir að sækja önnur námskeið og/eða ráðstefnur sem boðið er upp á.

Miðað er við 18 stundir í símenntun á hverju skólaári fyrir hvern starfsmann.